

Sjúklingafræðsla fyrir heimferð

Ígræðslumiðstöðin á Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu

Lífið eftir líffæraígræðslu I

Ónæmiskerfið, ónæmisbælandi lyf
og hætta á höfnun



Lífið eftir líffæraígræðslu II

Hvað er mikilvægt að hafa í huga
við heimkomu?


Lífið eftir líffæraígræðslu I

Ónæmiskerfið, ónæmisbælandi lyf
og hætta á höfnun

Hlutverk ónæmiskerfisins

Vernda líkamann gegn því sem líkaminn
skynjar sem framandi

- bakteríur
- vírusar
- sveppir
- æxli
- ígrædd líffæri



Ónæmisbælandi lyf

Nauðsynlegt er að bæla ónæmiskerfið með lyfjum svo að líkaminn skynji ekki nýja líffærið sem framandi hlut sem þarf að losna við



Jafnvægislist



Of lítið af ónæmisbælandi lyfjum, aukast líkur á: **höfnun**

Of mikið af ónæmisbælandi lyfjum, aukast líkur á: **sýkingum**

Ónæmisbælandi lyf eru

- Gefin fyrirbyggjandi til að koma í veg fyrir höfnun
- Gefin sem meðferð við höfnun



Ónæmisbælandi lyf

Oftast eru 2 til 4 mismunandi lyf gefin saman

Sterar

Tacrolimus/Ciklosporin

Mykofenolatmofetil, Natriummykofenolat

Everolimus/Sirolimus

Aukaverkanir

- Öll lyf geta valdið aukaverkunum – sem stundum tengjast skammtastærð lyfjanna
- Ekki fá allir aukaverkanir – svörun við lyfjum er einstaklingsbundin
- Þegar læknirinn minnkar smám saman lyfjaskammtinn - geta aukaverkanirnar minnkað

Breyttu aldrei lyfjaskammti án samráðs við lækni!

Munið!

- Taktu lyfin alltaf á sama tíma á hverjum degi
- Regla á inntöku lyfja er mikilvæg og 12 klst milli skammta, t.d. kl. 08 og 20

Meðferðin er ævilöng!



Hjálpartæki

Lyfjabox



Áminning í síma



Smáforrit / öpp



Medisafe - Makes Managing Medications Easy

Sýnatökur og eftirlit



- Blóðsýni eru oftast tekin kl. 08
- Hafðu með þér ónæmisbælandi lyfin þín og taktu þau eftir að búið er að taka blóðprufurnar
- Önnur lyf getur þú tekið fyrir blóðtöku og þú mátt borða morgunverð eins og venjulega ef ekkert annað hefur verið ákveðið

Endurkoma

Mundu áður en þú kemur til læknis að skoða hvort eitthvað af þessu þurfi að endurnýja:

- Lyfseðla / lyfjakort
- Veikindaleyfi
- Vottorð



Aðvörun

- Drekkið ekki grapesafa og borðið ekki grapealdin eða skylda ávexti – eins og pomelo, sweetie, ugly og ekki heldur stjörnuávöxt (carambole)
- Þessir ávextir hafa áhrif á virkni ónæmisbælandi lyfja í líkamanum
- Aðra sítrusávexti er í lagi að borða



Pomelo



Grape



Carambole

Verkjalyf

- án lyfseðils



- Við verkjum má taka paracetamol t.d. Panodil
- Takið **ekki** acetylsalecylsýru t.d. Treo, Magnyl, Asperin
- Takið **ekki** NSAID lyf t.d. Ibufen, Brufen

Náttúrulyf

Ekki nota náttúrulyf eða homeopatalyf þegar þú ert á ónæmisbælandi lyfjum



Jóhannesarjurt



Kvöldvorrósarolía

Það er lítið þekkt hvernig þessi efni virka samhliða ónæmisbælandi lyfjameðferð

Hafðu samband við lækni (sjá síðar)

- Ef þú hefur gleymt að taka ónæmisbælandi lyf að kvöldi og manst það að morgni – taktu þá þinn venjulega morgunskammt og haltu áfram að taka lyfin eins og venjulega. Þá þarf ekki að hafa samband við lækni.
- Ef þú hefur tekið of stóran skammt af ónæmisbælandi lyfjum átt þú að hafa samband við lækni.
- Ef þú hefur fengið niðurgang eða kastað upp ónæmisbælandi lyfjum minna en 30 mínútum eftir inntöku lyfja, þarftu kannski á sjúkrahúshjálpi að halda.



Hafðu samband við lækni

- Ef þú hefur einkenni sýkingar – t.d. hósta, sviða við þvaglát eða ert með hita.
- Lungnaþegar: Verið sérstaklega á verði gagnvart sýkingareinkennum. Ef gildi nokkurra öndunarprófa í röð lækka – hafðu þá strax samband við lækni.
- Ef þú færð hita
 - fyrir lungnaþega 37,5 gráður
 - fyrir lifrar-, hjarta- eða nýrnaþega yfir 38 gráður

(Mældu hitann á hverjum morgni til að byrja með. Lungnaþegar – mælið hitann að morgni og kvöldi fyrstu 6 mánuðina)

Við komu á sjúkrastofnun

- Segðu alltaf frá því að þú sért líffæraþegi
- Það er líka gott að hafa "miða" í veskinu sínu eða "heilsuapp" í símanum þar sem stendur að þú sért líffæraþegi t.d. Lifrarþegi árið 2020
- Ef þú veikist snögglega skaltu leita til bráðamóttöku!

Samband við sjúkrastofnun

- Vinsamlegast hafið samband við viðkomandi göngudeild ef upp koma spurningar og/eða veikindi á dagvinnutíma
- Ígræðslugöngudeild (fyrir hjarta-, lifur-, nýra- og brisígræðslur) er staðsett á 10-E Landspítala við Hringbraut
- Göngudeildin er opin virka daga kl 8-16. Sími ígræðslugöngudeildar er 543-6320 og er opinn 9-15.
- Lungnaígræðslugöngudeild er staðsett á A-3 Landspítala í Fossvogi
- Göngudeildin er opin virka daga 8-16. Sími í afgreiðslu göngudeildarinnar er 543-6040
- Ef veikindi koma upp utan dagvinnutíma, vinsamlegast hafið þá samband við heilbrigðisstofnun í nærumhverfi eða hringið í 112

Bráðahöfnun

- Einn af fimm nýrnaþegum getur þurft að takast á við bráðahöfnun eftir ígræðslu
- Eftir lifrar-, lungna- og hjarta-ígræðslu eru líkurnar nokkuð minni
- Hættan er mest fyrst eftir ígræðslu. Hjarta-, lifrar- eða nýrnaþegar eru í mestri hættu fyrstu 3 mánuðina eftir ígræðslu og lungnaþegar fyrstu 6 mánuðina

Vísbendingar um og einkenni höfnunar

– Nýrnaþegar

- Hækkandi kreatínigildi
- Almenn veikindatilfinning
- Hiti
- Eymsli yfir nýra
- Snögg þyngdaraukning
- Bjúgur
- Minnkuð þvaglát

Vísbendingar um og einkenni höfnunar - Lifrarþegar

- Hækkandi lifrargildi
- Almenn veikindatilfinning
- Hiti
- Þreyta
- Eymsli/óþægindi í kvið
- Dökkt þvag og ljósar hægðir
- Gul augnhvíta og húð

Vísbendingar um og einkenni höfnunar - Hjartaþegar

- Almenn veikindatilfinning
- Hiti
- Þreyta/slappleiki
- Skyndileg þyngdaraukning
- Bjúgur
- Mæði/andþyngsli
- Breyting á hjartslætti

Vísbendingar um og einkenni höfnunar

- Lungnaþegar

- Lækkuð gildi í öndunarprófi – viðvarandi lækkun, meira en 10%
- Hósti
- Mæði/andþyngsli
- Vægur hiti
- Þreyta/slappleiki

Hvernig veit maður hvort um er að ræða höfnun?

Vefjasýni - Biopsi

- Eina örugga leiðin til að staðfesta hvort um höfnun sé að ræða - er að taka vefjasýni úr ígrædda líffærinu
- Vefjasýni eru greind í smásjá af sérfræðilækni
- Svar úr sýninu kemur oftast daginn eftir
- Ef þú hefur áhyggjur varðandi sýnatökuna hafðu samband við heilbrigðisstarfsfólk á móttökunni þinni



Vefjasýni

Nýra og lifur:

Vefjasýni er tekið úr nýra eða lifur með mjórri nál.

Rannsóknin er gerð í staðdeyfingu á röntgendeild

Vefjasýni

Hjarta:

Vefjasýni er tekið (eins og um hjartapræðingu sé að ræða) í gegnum æð á hálsi eða nára og sýni tekið úr hjartavöðva með nál

Rannsóknin er gerð í staðdeyfingu

Lungu:

Vefjasýni tekin frá lunga í lungnaspeglun

Meðferð við höfnun

- Sterar eru fyrsta meðferð.
Þeir eru gefnir í æð eða á töfluformi
(í 3-5 daga, fer eftir líffæri)
- Stundum er ónæmisbælandi lyfjum þínum breytt t.d.
skammtur aukinn eða skipt yfir í annað lyf
- Ef þetta virkar ekki er öflugra ónæmisbælandi lyf oftast
gefið í æð (í ca 3-7 daga)

Meðferð við höfnun


- Meðferðin fer fram á sjúkrahúsi, á göngudeild eða legudeild
- Við meðferð á höfnun bælist ónæmiskerfið meira og sýkingarhætta eykst tímabundið
- Hjartalínurit er tekið hjá hjartaþegum

(EKG)



Líffæraþegi á að lifa...

Eins "eðlilegu lífi" og mögulegt er með
ævilanga lyfjameðferð
og reglubundið eftirlit



Fræðsluefnið er einnig að finna á
www.transplantationscentrum.se

Íslensk þýðing jan. 2023 - Ágúst Einarsson